

Fundargerð 80. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, sem haldinn var þann 27. maí 2013, kl. 08:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,  
Árni Sigfússon,  
Friðjón Einarsson  
Sigrún Árnadóttir,  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,  
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkvæmdastjóra, sem jafnframt  
ritaði fundargerð.  
Inga Sólnes boðaði forföll.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borinn upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. *Háskólavellir – fjárhagsleg endurskipulagning*

Stjórnin samþykkti að vinna málið áfram á þann hátt sem fram kemur fram í viljayfirlýsingu um fjárhagslegri endurskipulagningu Háskólavalla. Tillögur um nánari útfærslu má sjá í viðauka viljayfirlýsingarinnar.

Stjórn samþykkti heimild til framkv.stj. að undirrita fyrirbyggjandi viljayfirlýsingu á þeim grundvelli sem rætt hefur verið. Endanlegir samningar verði kynntir Fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun og síðan lagðir fyrir stjórn til endanlegrar kynningar og ákvörðunar.

3. *ESA vegna Verne*

Málið rætt.

4. *Kaupsamningur vegna Lindarbrautar 637*

Málið kynnt. Samningum er lokið og afsal af eigninni frágengið.


5. *Seltún*

Stjórn kynnt stöðu mála varðandi Seltún.

6. *Önnur mál*

Framkvæmdastjóri fór yfir áhuga aðila á að byggja upp gagnaver á Ásbrú.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
T. Einarsson, Sigrún Árnadóttir